



Óháð fréttablað á Vestfjörðum  
**BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) · Verð kr. 400 m/vsk




Fimmtudagur

14. janúar 2010  
2. tbl. · 27. árg.



Vantar þig íbúð  
til leigu?

Hafðu samband!  
sími: 456 6600



**Robbi**  
er mættur  
aftur í eldhúsið  
á Ömmu Habbý!

**Kíktu við!**



Sími 456 6660



## Karlmenn verða líka fyrir kynferðislegu ofbeldi


Sigrún Sigurðardóttir er borinn og barnfæddur Ísfirðingur en hefur komið víða við á lífsleiðinni, er hjúkrunarfræðingur, með mastersgráðu í heilbrigðisvísindum, lögregluþjónn ásamt fleiru og er nú að hefja vinnu við doktorsritgerð sína sem mun fjalla um afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku á líf og heilsu karlmannna. Í viðtali við Bæjarins besta segir hún frá viðburðaríkum ferli, rannsóknunum á kynferðisofbeldi, og því hvernig örlögin hafa tekið af henni ráðin.



| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

**EIMSKIP**

*Yfir hafið og heim*



Mjólkársvirkjun í Arnarfirði. Ljós: © Mats Wibe Lund.

# Mjólkársvirkjun endurnýjuð fyrir einn milljarð króna

Orkubú Vestfjarða hefur gert samning um kaup á vélbúnaði fyrir nýja 1,15 MW virkjun sem staðsett verður við Borgarhvilftarvatn fyrir ofan Mjólkársvirkjun og verður þessi nýja virkjun hluti af Mjólkársvirkjun. Stefnt er að útbóði framkvæmda vegna þessarar nýju virkjunar á fyrstu mánuðum þessa árs og er reiknað með að hún komist í rekstur undir lok ársins. Einnig hefur verið

tekin ákvörðun um endurnýjun 5,4 MW vélar í Mjólkársvirkjun með nýrri 7 MW vél. Er þær framkvæmdir fyrirhugaðar á árinu 2011 og er reiknað með gangsetningu nýju vélarinnar í vetrarbyrjun 2011. Áætlaður kostnaður við þessar framkvæmdir er um 1.000 milljónir króna.

Þó að áætlaður kostnaður vegna þessara framkvæmda sé um 1.000 milljónir króna, á næstu

tveimur árum stefnir Orkubúið að því að fjármagna þær á með fé frá rekstri, á næstu þremur árum, þannig að ekki þurfi að taka langtímalán þeirra vegna.

Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun verður unnt að gera þetta með eftirfarandi aðgerðum: Aukið aðhald í rekstri OV. Rekstraráætlun OV fyrir þetta ár gerir ráð fyrir verði sá sami og hann var 2009.

Dregið verði verulega úr almennum fjárfestingum OV á sama tíma og virkjunarframkvæmdir standa yfir. Gert er ráð fyrir að aðrar fjárfestingar verði um 100 milljónir króna á ári næstu tvö ár. Hóflægum hækkunum á verðskrá. Gert er ráð fyrir að verðskrár fylgi verðlagsþróun.

Í tilkynningu frá Orkubúi Vestfjarða kemur fram að Orkubúið hefur um langt skeið fjármagnað

allar framkvæmdir sínar með fé frá rekstri og sé fyrirtækið því skuldlaust ef frá séu taldar eldri lífeyrisskuldbindingar. Þessi stefna hafi leitt til þess að fjármagnskostnaður, sem nú sé að sliga flest orkufyrirtæki landsins, sé lítil sem enginn og unnt hafi verið að reka fyrirtækið með hagnaði á undanföllum árum. Þrátt fyrir framansagt hafi Orkubúið verið með lágsta auglýsta raforkuverð.

## Aflaverðmæti skipa HG jókst um 26% á síðasta ári

Aflaverðmæti skipa Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf., á árinu 2009 var 2.840 milljónir króna og jókst um 26% á milli ára. Er um met í aflaverðmæti að ræða. Þar af voru laun og launatengd gjöld 1.060 milljónir kr. eða 38% af aflaverðmæti ársins. Útgerð skipa félagsins gekk vel á árinu og engar frátafir urðu vegna bilana. Fagnað var þeim tímamótum að 20 ár voru síðan Júlíus Geir-

mundsson kom fyrst til bæjarins. Júlíus var frá veiðum í mánuð vegna slipptöku þar sem skipið var málað hátt og lágt auk þess sem vél og gir fengu 20 ára yfirferð. Páll Pálsson stoppaði í tvær vikur vegna hefðbundinna sumarleyfa í landvinnslu félagsins. Stefnir var á veiðum allt árið.

Júlíus Geirmundsson aflaði 3.933 tonnnum á síðasta ári að verðmæti 1.276 milljónnum. Páll

Pálsson aflaði 4.438 tonnnum að verðmæti 790 milljónnum og affli Stefnis var 3.500 tonn og aflaverðmætið 773 milljónir. Í upphafi árs gætir hins vegar nokkrar óvissu, úthlutaður aflaheimildir eru rúmlega 1.400 tonnnum minni í botnfiski en á síðasta fiskveiðiári, auk þess sem boðuð upp-tökuleið stjórnvalda í formi fyrningar vofir yfir sjávarbyggðunum. — *thelma@bb.is*



Aflaverðmæti Júlíusar Geirmundssonar ÍS var 1.276 milljónir á síðasta ári.

## Semur við Nýsköpunarsjóð

Lækningavörfyrirtækið Kerecis ehf. á Ísafirði og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hafa undirritað með sér fjárfestingarsamning. Samkvæmt honum mun Nýsköpunarsjóðurinn kaupa 35% í Kerecis í formi hlutfjár og jafnframt veita fyrirtækinu lán með breytirétti. Fjárfestingin verður í nokkrum áföngum næstu 12 mánuði og eru áfangagreiðslur háðar framgangi þróunarverkefna Kerecis. Heildarupphæðin nemur 70 milljónum króna.

Kerecis ehf. fæst við rannsóknir, vöruþróun og framleiðslu á lækningavörum unnum úr fiskipróteinum. Vörur fyrirtækisins eru notaðar á sjúkrahúsum við meðhöndlun á vefjasköðum. Vörur og tækni fyrirtækisins eru á þróunarstigi og er skráning á einkaleyfum hafin til að verja tækni félagsins.

Starfsmenn og stofnendur Kerecis hafa áralanga reynslu í þróun á lækningavörum og klínískri þróunar- og prófunarvinnu. Hjá fyrirtækinu starfa nú fimm starfsmenn.

– fridrika@bb.is

## Fyrsta barn ársins 2010

Fyrsta barn ársins 2010 er komið í heiminn á Fjórðungsjúkrahúsinu á Ísafirði en það er drengur sem fæddist 4. janúar. Stoltir foreldrar þiltsins eru þau Jóhanna Fylkisdóttir og Samúel Orri Stefánsson, Ísafirði og er drengurinn annað barn þeirra. Hann var 3640 grömm og 51 cm á lengd. Móður og barni heilsast vel. Ljós móðir var Brynja Pála Helgadóttir.

54 börn fæddust á Fjórðungsjúkrahúsinu á Ísafirði á síðasta ári en árið þar áður litu 73 börn dagsins ljós á sjúkrahúsinu en ekki hafa verið fleiri fæðingar á FSÍ í 10 ár.



Stoltir foreldrar ásamt fyrsta barninu til að fæðast á Fjórðungsjúkrahúsinu árið 2010.

## Lækka skuldirnar um 200 milljónir

Skuldir Bolungarvíkurkaupstaðar munu lækka um ríflega 200 milljónir króna frá árslokum 2008 til ársloka 2010, gangi fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 eftir. Sé reiknað á föstu verðlagi nemur skuldalækkunin 33% eða 366 milljónum króna. Gert er ráð fyrir lækkun skulda þrátt fyrir miklar fjárfestingar, en meðal annars er áætlað að ljúka við endurbyggingu Félagsheimilisins í Bolungarvík á árinu. Þetta kemur fram í

stefnuræðu bæjarstjóra Bolungarvíkur, Elíasar Jónatanssonar, en fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 var tekin til síðari umræðu á fundi 7. janúar og samþykkt með atkvæðum allra bæjarfulltrúa.

Fjárhagsáætlunin staðfestir þann rekstrarbata sem varð á árinu 2009 og er reiknað með að hagnaður A-hluta verði 63 milljónir króna á árinu 2010 samanborið við ríflega 100 milljón króna tap á árinu 2008. Þá er

reiknað með 118 milljón króna hagnaði af samstæðu A- og B-hluta en hagnaður í B-hluta skýrist að mestu af niðurfellingu skulda félagslega húsnæðiskerfisins hjá Íbúðalánasjóði.

Gert er ráð fyrir að framlegð ársins fyrir bæði A- og B-hluta verði 158 milljónir króna. Þá er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 137 milljónir króna og stendur það fyllilega undir afborgunum langtíma-

skulda sem eru 104 milljónir króna.

Í stefnuræðu bæjarstjóra kom fram að ekki verður séð að mikill fjárhagslegur ávinningur verði af sameiningu grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla í sveitarfélaginu. Er þetta er ein af niðurstöðum úttektar á sameiningu skólastiga í Bolungarvík sem unnin var að beiðni bæjarstjórnar.

Allt bendir til að tekist hafi að ná tókum á fjárhag sveitarfélagsins. – fridrika@bb.is

# Útsalan er hafin

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU !!!

10 ltr.  
**5.999**  
~~6.999~~

Húsasmiðjumálning  
10 ltr.  
7119961

**30-40%**  
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM  
INNI- OG ÚTILJÓSUM

**20-70%**  
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM  
BÚSÁHÖLDUM

**15%**  
AFSLÁTTUR

AF HITACHI  
OG B&D  
RAFMAGNSVERKFERUM

**25-50%**  
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM DAMIXA  
BLÖNDUNARTÆKJUM

**20%**  
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM  
HEIMILISTÆKJUM

**40%**  
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM  
SMÁRAFTÆKJUM

Við berjum niður  
**verðið!**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíð. Úrval getur verið misjafnt milli verslana



**HÚSASMÍDJAN**  
...ekkert mál

## Æðarfugl algengastur

Æðarfugl var algengastur í vetrartalningu sem fór fram á norðanverðum Vestfjörðum í lok síðasta árs. Tæplega 8800 æðarfuglar voru taldir og var hávellan næst algengust eða um 1700 fuglar. Flestar hávellur sáust í Súgandafirði eða 6-700 fuglar. Fjórir æðarkóngar sáust og voru tveir í Dýrafirði, einn í Súgandafirði og einn við brúna yfir Öndarfjörð.

Einn gráhegri sást í Bolungarvík og einn í Súðavík. Heildarfjöldi fugla svipaður og á síðasta ári og má nefna að aðeins munaði um 70 æðarfuglum á milli ára. Talið var í Bolungarík, Óshlíð, Skutulsfirði, Álftafirði, Súgandafirði, Öndarfirði og Dýrafirði.



## Búið að skrifa sögu skólans

Björn Teitsson, fyrrverandi skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, hefur skilað af sér handriti að sögu skólans, og er stefnt að útgáfu í apríl á þessu ári. Unnið er að öflun myndefnis. Jón Reynir Sigurvinsson, núverandi skólameistari, greindi frá þessu á fundi skólaneftndar fyrir skömmu.

Skólaneftnd samþykkti til lögu skólameistara um að gengið yrði til samninga við Ásprent á Akureyri um prentun og að H-prenti á Ísafirði yrði falin skönnun mynda.

## Nýir og hækkaðir skattar á orku

Virðisaukaskattur í efra þrepi hækkaði úr 24,5% í 25,5% þann 1. janúar 2010. Frá sama tíma leggst nýr orkuskipti á raforku 12 aurar á hverja kílóvattstund. Nýr skattur er einnig lagður á sölu á heitu vatni, sá skattur nemur 2% af reikningsupphæðinni.

„Niðurgreiðslur vegna hitunar íbúðarhúsnæðis eru óbreyttar enn, en stjórnvöld eru nú að skoða mögulega hækkun á þeim,“ segir í tilkynningu frá Orkubúi Vestfjarða.



## Inn að beini

## Friðgerður Ómarsdóttir, framhaldsskólakennari

**Friðgerður Ómarsdóttir kennir stærðfræði- og viðskiptagreinar í Menntaskólanum á Ísafirði. Þegar Bæjarins besta innti hana eftir svörum inn að beini kom þó í ljós að það var ekki ætlunin að kennsla yrði gerð að ævistarfi þegar hún var yngri. Hún segist þó vera í draumastarfinu.**

**Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?**

Að giftast Gísli Jóni frá Ármúla.

**Hvar langar þig helst að búa?**

Vil hvergi annars staðar búa.

**Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?**

Þegar strákarnir mínir fæddust.

**Bestu vonbrigði lífs þíns?**

Þegar Lakkrís kötturinn minn dó.

**Mesta uppgötvunin í lífi þínu?**

Að vilji er allt sem þarf.

**Upphaldslagið?**

Wind beneath my wings.

**Upphaldskvikmyndin?**

Beaches.

**Upphaldsbókin?**

Munkurinn sem seldi sportbílinn sinn.

**Ógleymanlegasta ferðalagið?**

Þegar ég fór með mömmu minni til Perú og við gengum Inkavegin til Machu Picchu.

**Upphaldsborgin?**

New York.

**Besta gjöfin?**

Hef fengið margar góðar gjafir, ég á ennþá dúkkuvagn sem foreldrar mínir gáfu mér þegar ég var tveggja ára og þykir mjög vænt um hann.

**Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?**

Já.

**Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?**

Tannburstans.

Fyrsta starfið?

Bæjarvinnan.

Draumastarfið?

Er í því.

**Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?**

Enga.

**Fallegasti staðurinn á Íslandi?**

Vestfirðir, eins og þeir leggja sig.

**Sköndnasta upplifun þín?**

Ein af mörgum... Þegar systir mín missti kaffibollann sinn á gólfið í Ingólfsapóteki eftir að við lásum auglýsingu sem á stóð: GILLINÆDABLAUTBRÉFIN KOMIN AFTUR. Við píssuðum báðar í okkur úr hlátri.

**Aðaláhugamálið?**

Að koma strákunum mínum til manns.

**Besta vefsíðan að þínu mati?**

Fer oftast inn á BB, hún hlýtur að vera góð.

**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?**

Ekki kennari.

**Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?**

Ópolandi skipulögð.

**En helsti löstur?**

Ópolandi skipulögð.

**Besta farartækið?**

Skóðinn.

**Hver er upphaldshátíðardagurinn þinn?**

Jóladagur, algjör friður.

**Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?**

Hef ekki velt því fyrir mér.

**Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?**

Er sátt við að heita Friðgerður Guðný.

**Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?**


Á morgnana.

**Í hvaða stjörnumerki ertu?**

Vatnsberi.

**Lífsmottóið þitt?**

Að koma fram við aðra eins og ég vil að komið sé fram við mig.



# SIGUR VINNST HÉR

Tryggðu þér sigurmiða hjá þínum umboðsmanni á Vestfjörðum  
eða í síma **552 2150** eða á **www.sibs.is**

**40** um milljónir  
í hverjum  
mánuði 2010

Silja Jóhannsdóttir, Skálholti, Barðaströnd, sími 456-2080, 451 Patreksfirði  
Íslandspóstur, Bjarkargötu 4, sími 456-1100, 450 Patreksfirði  
Sparisjóðurinn, Strandgötu 38, sími 450-2500, 460 Tálknafirði  
Birna Kristinsdóttir, Dalbraut 16, sími 456-2128, 465 Bıldudal  
Guðrún Bjarnadóttir, Vallargötu 12, sími 456-8393, 470 Pingeyri  
Alla Gunnlaugsdóttir, Ránargötu 1, sími 450-2500, 425 Flateyri  
Ragna Magnúsdóttir, Hólastíg 1, sími 456-7510, 415 Bolungarvík  
Íslandspóstur, Hafnarstræti 9-11, sími 456-5010, 400 Ísafirði  
Víkurbúðin, Grundarstræti 1, sími 456-4981, 420 Súðavík  
Jónas Helgason, Æðey, sími 566-7604, 401 Ísafirði

HAPPDRÆTTI



...fyrir lífið sjálft

**Fyrsti útdráttur verður 14. janúar 2010**

32.531 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð óbreytt, 1.000 kr.



# Miklar skemmdir á Tungudalsvelli

Miklar skemmdir hafa orðið af völdum snjósléðamanna á golfvöllinum í Tungudal. Að sögn Tryggva Sigtryggssonar, formanns Golfklúbbs Ísafjarðar, hafa snjósléðamenn stundað það að aka yfir flatirnar, jafnvel stökkid og snúið sleðunum og valdið þannig miklum eignaspjöllum, bæði á flötum og brautum. Spjöllin uppgötvuðust er Tryggvi fór ásamt konu sinni í eftirlitsferð á laugardag. Sáu þau einhverjar rákir á hólum og ákváðu að skoða flatirnar þegar þau sáu skorur í æfingaflötinni. Eftir að hafa kannað golfvöllinn fóru þau beint til lögreglunnar og kærðu stórfellt eignatjón á vellinum. Ekki er búið að meta tjónið en fimm flatir af níu eru stórskemmdar.



Greinilegt er að snjósléðamenn hafa verið á ferð um golfvöllinn.

„Æfingaflötin innan við húsið, 7. og 9. flöt, hólun er allur skorinn þvers og kruss en 4. flötin er

allraverst og jafnvel ónýtt, þar hafa þeir snúið sleðanum og stórskemmt nýju flötina,“ segir Tryggvi en golfklúbburinn tók flötina í notkun í ágúst eftir að hafa lagt mikla vinnu í að byggja hana upp. Tryggvi segir að í framhaldinu verði öllum snjósléðamönnum bannað að aka um golfvöllinn.

Félagar í GÍ hvetja hugsanleg vitni til að gefa sig fram og eins þann eða þá sem olli skemmdunum. „Við höfum nú þegar heyrt að ákveðnir einstaklingar voru að aka glæfralega um völlinn fyrir áramót og með svona þunna snjóþekju hefur þeim tekist að valda mikilli eyðileggingu.“ – *thelma@bb.is*



Stórfellt eignatjón á Tungudalsvelli hefur verið kært til lögreglunnar.

## Spurningin

Strengdir þú áramótaheit?

Alls svöruðu 365  
Já sögðu 69 eða 19%  
Nei sögðu 296 eða 81%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Vaxandi suðaustanátt, víða hvöss er líður á daginn. Rigning sunnan- og vestantil, annars úrkomulítið. Hiti 3-9 stig síðdegis. **Horfur á laugardag:** Sunnanátt og vætusamt, en þurrt að mestu á Norðausturlandi. Milt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Sunnanátt og vætusamt, en þurrt að mestu á Norðausturlandi. Milt í veðri.

## Ritstjórnargrein

# Þjóðin krefst þess

Hvað sem þeirri kenningu líður að erfitt sé að kenna gömlum hundi að sitja, bendir sitthvað til að ekki sé hlaupið að því að aga óstýriláta hvolpa. Vera má að slíkt upphaf þyki ekki við hæfi að umfjöllun um frammistöðu fulltrúa sem þjóðin hefur valið til að sitja á hinu forna þjóðþingi okkar Íslendinga til að gæta hagsmuna sinna í einu og öllu. Þá verður svo að vera. Til málsbóta telur blaðið sig þó hafa að alla jafnan hefur það reynt að gæta hófs í orðavali.

BB tekur ekki afstöðu til þeirrar ákvörðunar forseta Íslands að synja uppáskrift á síðustu útgáfu Icesave-laganna. Til þeirrar ákvörðunar skortir yfirsýn og eflaust er svo komið fyrir fleirum. Forsetinn hefur hins vegar sagt við þjóð sína: sá á kvölina sem á völinu. Eigi að síður telur BB það skyldu sína að gagnrýna vinnubrögð þingsins, sem almennt þykja hafa verið fyrir neðan allar hellur.

Ef undan er skilin „sáttin“ um þjóðaratkvæðagreiðsluna um Icesave, sem teljast verður sérstætt fyrirbrigði ef horft er til þess að síðan lýðveldi var lögfest á Íslandi hefur ekki náðst sátt um krefjandi breytingar á stjórnarskránni (breytingar á kjördæmaskipan hafa miðast við það eitt að tryggja völd sitjandi þingmanna hverju sinni).

Ætla má að reynsluboltar fari fyrir stjórnarliðinu meðan nýliðar

leiða stjórnarandstöðuna. Í byrjun nóvember sagði í leiðara BB: Reiðifullur almenningur ætlast til þess að „pottaglamrinu“ í söllum Alþingis linni. Látlausar skylmingar leysa ekki vandann. Þingheimur er áhöfnin sem kjósendur völdu til að stýra þjóðarskútunni. Það vinnst enginn leikur nema liðið spili sem heild.

Því miður virðist sem þingmenn hafi ekkert lært. Skotgrafahernaðurinn er í algleymingi. Endurvakin brigtslyrði ganga á vixl; ítrekanir um hvað hver hafi sagt á hinum og þessum tíma og hvað þessi eða hinn hafi oft skipt um skoðun virðist vera megin atriði í augum margra. Til hvorrar handar sem lítið er blasa við átök sem eru til þess eins fallin að veikja stöðu þjóðarinnar. Samantekið: Þingmenn hafa í engu gleymt fortíðinni og virðast ekkert hafa lært sem fært gæti þá fram á veg!

Þingmönnum á að vera ljóst að deilan við Breta og Hollendinga verður ekki leyst með rifrili í ræðustóli á Alþingi Íslendinga, með málfari í takt við ræðukeppni í framhaldsskólum. Þeim á líka að vera ljóst að jafn margslungna deildu verður ekki komist hjá að leysa að einhverju leyti með diplomatískum hætti, horft til framtíðar.

Þingmenn verða að brjóta odd af oflæti sínu, hætta merkingarlausum orðahnippingum, ná sáttum, horfa til framtíðar.

Þjóðin krefst þess.

s.h.

**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*, Friðrika Benónýsdóttir, símar 456 4560 og 697 8618, *fridrika@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson Lausáðluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Samkaup

úrval

góðir grannar

sjá fleiri tilboð á [samkaupurval.is](http://samkaupurval.is)

Sparnaðartilboð helgarinnar 14.- 17. janúar

**Góð kaup!**

~~1.298~~  
**999** kr. kg  
Nautahakk  
úr kjötbörði / pakkað ferskt

**30% afsláttur**

~~229~~  
**159** kr. stk.  
Mexico Taco sósur  
230g frá Coop

(mild, med og hot)

**30% afsláttur**

~~495~~  
**347** kr. kg  
Kjötfars  
úr kjötbörði / pakkað ferskt

**38% afsláttur**

~~963~~  
**597** kr. kg  
Kjúlli  
ferskur, heill frá Ísfugli

**25% afsláttur**

~~1.898~~  
**1.424** kr. kg  
Ný sviðasulta

~~2.798~~  
**2.099** kr. kg  
Hrútspungar súrsaðir

þorramatur úr kjötbörði, frá Goða

**34% afsláttur**

~~149~~  
**98** kr. stk.  
Nautahamborgarar  
90g, úr kjötbörði

**Góð kaup!**

~~599~~  
**439** kr. pk.  
Jarðarber  
lausfryst, 500g, frá Coop

**Góð kaup!**

~~2.198~~  
**1.598** kr. pk.  
Bleur Pampers simply clean  
junior 44 stk., midi 60 stk., maxi 50 stk.

### Velkomin í Samkaup úrval

á Akureyri, Blönduósi, Bolungarvík, Borgarnesi, Dalvík, Egilsstöðum, Grundarfirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Neskaupstað, Ólafsfirði, Selfossi, Siglufirði og Skagaströnd.

Sigrún Sigurðardóttir er borinn og barnfæddur Ísfirðingur en hefur komið víða við á lífsleiðinni, er hjúkrunarfræðingur, með mastersgráðu í heilbrigðisvísindum, lögregluþjónn ásamt fleiru og er nú að hefja vinnu við doktorsritgerð sína sem mun fjalla um afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku á líf og heilsu karlmanna. Er þetta í fyrsta sinn sem slík rannsókn er gerð hér á landi þar sem sjónum er beint að karlmönnum sem þolendum kynferðislegs ofbeldis. BB rakti garnirnar úr Sigrúnu.

# Tabú að karlar séu beittir ofbeldi

„Já, ég er fædd og uppalin á Ísafirði. Pabbi minn hét Sigurður Finnbogason og var innfæddur Ísfirðingur og mamma heitir Signý Rósantsdóttir, ættuð að norðan en kom hingað í húsmæðraskólann, kynntist pabba og ílentist. Ég útskrifaðist úr menntaskólanum hér á Ísafirði og fór svo sem au pair til Þýskalands og síðan til Bandaríkjanna að læra ensku. Þegar ég kom heim tók ég eitt ár í hjúkrun við Háskóla Íslands en var svo í sumararfleysingum í lögreglunni á Ísafirði og ákvað þá að fara í lögguna og útskrifaðist úr Lög-regluskóla ríkisins '93.“

## Eins og einhver köllun

Og þar með voru örlög Sigrúnar ráðin.

„Ég vann svo í löggunni víða um land, á Ísafirði, Akureyri, Vestmannaeyjum, Höfn og Stykkishólmi og upp úr þeirri vinnu tók ég þá ákvörðun að einbeita mér að málefnum varðandi kynferðislegt ofbeldi. Þegar ég var í lögregluskólanum sá ég að það var mjög lítið talað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, það var eiginlega algjört tabú, en þegar ég fór að vinna sem löggá sá ég náttúrulega að þetta var alltaf að gerast. Það var kannski meira leitað til mín með svona mál af því að ég var kona en allavega varð áhugi minn á þessum málum alltaf meiri og meiri og ég fór til Bandaríkjanna til þess að læra meira um þessi mál. Ég fór til Boston fyrst og síðan til Huntsville í Alabama og til Texas.

Fyrst var ég á námskeiðum en var svo í starfskynningu hjá lögreglunni. Ég fór þetta algjörlega á eigin vegum og borgaði allt úr eigin vasa og skil ekki alveg hvað ég var að spá þegar ég lit til baka. En þetta var bara draumur sem mig langaði til að láta rætast. Það var ekkert aðgengilegt um þessi mál hér á Íslandi á þessum tíma. Ég lagði alla mína peninga í þetta og kom meira að segja stórskuldu út úr þessu. Margir spurðu mig til hvers ég væri eiginlega að þessu, hvað ég ætlaði að gera við þetta, en minn draum-

ur var að fara að vinna við þessi mál hjá rannsóknarlögreglunni.

En þar vildu þeir ekki nýta kunnáttu mína. Kannski hjálpaði ekki til að ég að var kona. Við vorum fáar í stéttinni á þessum tíma og áttum frekar erfitt uppdráttar. Ég bara var svo bjartsýn á þessum tíma. Ég sá fyrir mér að ef ég færi þarna út og kynnti mér þessi mál, þá fengi ég að vinna við þau. Ég sótti þrisvar sinnum um hjá rannsóknarlögreglunni en var alltaf hafnað. Þá var komið árið '95 og ég að vinna sem götulögga í Vestmannaeyjum, sem fullnægði mér ekki því mig langaði að geta farið miklu dýpra í málin. Það var orðið augljóst að ég fengi ekki færi á því innan lögreglunnar svo ég ákvað að fara bara aftur í hjúkrunina.

Ég kom aftur heim haustið '98, fékk vinnu á heilsugæslunni á Ísafirði og ætlaði að klára hjúkrunarnámið með þeirri vinnu. Ég var búin að vera heima í þrjá mánuði þegar pabbi minn varð bráðkvaddur. Þá var ég orðin ófrísk að mínu fyrsta barni, komin þrjá mánuði á leið og ákvað þá bara að einbeita mér að hjúkruninni. En þessi mál varðandi kynferðislegt ofbeldi sóttu alltaf á mig. Þetta var bara eins og einhver köllun, þótt mörgum finnist fáránlegt þegar maður segir það. Ég skrifaði lokaritgerðina mína í hjúkrun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og gerði heimildasamantekt um tengsl þess við þunglyndi, sjálfskaðandi hegðun og átröskun. Ég ætlaði náttúrulega að láta þar við sitja. Var komin með tvö börn og í fullu starfi í hjúkruninni.“

En örlögin ætluðu Sigrúnu ekki að láta þarna staðar numið. „Árið 2002 fluttum við til Ólafsfjarðar. Maðurinn minn er þaðan og við sáum að við fengjum meiri laun þar, auk þess sem hann átti sína fjölskyldu þar. Maðurinn minn var sjálfstætt starfandi sem sjúkrajálfari og ég fékk vinnu sem hjúkrunarforstjóri á hjúkrunarheimilinu þar. Við vorum þar í sex ár og á þeim tíma tók ég mastersgráðuna í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri. Það hafði aldrei verið markmið hjá mér að verða

eitthvað hámenntuð. Minn bakgrunnur er ekki þannig og engin hefð fyrir því í fjölskyldunni að fólk fari í langskólanám. En mér leiddist bara svo á Ólafsfirði fyrsta árið, fannst það svo einangrað og þekkti mjög fáa, þannig að ég skróaði mig bara í meistaranám við Háskólann á Akureyri. Stefndi ekkert endilega að því að ná mér í meistarafráðu, langaði bara að hafa eitthvað að takast á við.

Og meðan ég var í náminu fór þetta málefni, kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, aftur að sækja stíft á mig. Ég var í einum kúrs hjá dr. Sigríði Halldórsdóttur sem hefur síðan verið minn leiðbeinandi í náminu, hún hafði gert greiningu á heimilisofbeldi og á sama tíma heyrði ég fyrirlestur um áhrif kynferðisofbeldis á heilsufar þannig að ég var leidd aftur inn á þessa braut.

Mastersritgerðin mín fjallaði um heilsufar og líðan kvenna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku. Ég talaði við konur sem höfðu orðið fyrir þessu og skoðaði líkamlega og sálræna kvilla sem þær áttu sameiginlega. Þetta var fyrsta rannsókn sinnar tegundar sem hafði verið gerð hérlandis á þessu efni og vakti töluverða athygli. Það hafði ekki áður verið sýnt fram á þessi sterku tengsl milli áfalls í æsku og heilsufars á fullorðinsárum. Ritgerðin hefur verið birt hér og er nú á leið í erlent fagtimarit.“

## Fókusar á karlmenn sem þolendur og meðferðarúrræði

Þegar hér er komið er Sigrún komin með meistarafráðu og alls ekki á þeim buxunum að halda áfram námi. En enn og aftur er eins og henni sé beint inn á þessa braut.

„Ég útskrifaðist með mastersgráðu 2007 og ætlaði náttúrulega bara að hætta þar, en það var ekki líðið nema hálf tveim vikum eftir að hafa lengra með þetta. Það var alltof mikið af lausum endum. Þegar ég fjallaði um meistararannsóknina mína fékk ég oftast fyrirsögn um

hvaða úrræði væru í boði og hvernig væri með karlmennina. Það eru til dæmis engin sértæk úrræði til fyrir fólk sem á við heilsufarsvanda að stríða sem rekja má til áfalla í æsku. Þetta fólk er alltaf hjá læknum, alltaf í heilbrigðiskerfinu, er greint með migreni, vefjagigt, síþreytu, stoðkerfisvandamál og margt fleira en það er alltaf einblint á ein-kennin en ekki orsökina. Ég sat svolitíð uppi með þetta úrræðaleysi þegar ég var búin að gera rannsóknina og hafði engin svör við því hvað væri til ráða fyrir þetta fólk.

Í rannsókninni hafði ég bara talað við konur, en nú fór ég líka að fá fyrirsögnir frá körlum. Ég hafði ætlað að taka bæði kynin fyrir en varð að takmarka mig. Og sat uppi með þá tilfinningu að það væri svo mikið eftir. Ég fór með mínar hugmyndir til leiðbeinandans míns, Sigríðar, og hún sorteraði þær fyrir mig. Mér fannst tilhugsunin um að fara í doktorsnám alltof mikið mál og vissi ekkert hvernig ég ætti að greina þetta, en hún raðaði hugmyndunum niður fyrir mig og lét þetta líta mun einfaldar út og þetta er ekki eins mikið mál og ég hélt.

Og núna er ég komin af stað með doktorsverkefni þar sem ég ætla að þróa þverfagleg meðferðarúrræði fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis. Ég var í Þrándheimi í Noregi í níu mánuði og kynntist stofnun þar sem sinnir sjúklingum á þeim forsendum að það sé þolendur kynferðisleg ofbeldis. Fólk sækir sjálf um að komast að á stofnuninni, skrifar sína sögu og fær þverfaglega aðstoð við að vinna í sínum málum. Þarna eru sex einstaklingar í einu og meðferðin tekur tíu vikur og markvisst unnið bæði í orsökum og afleiðingum. Þetta er sem sagt ein af hugmyndunum sem ég er að vinna með.

En það sem gerir mína rannsókn sérstaka er að ég fókusa einnig á karlmenn sem þolendur kynferðisofbeldis. Það hefur ekki verið gert á Íslandi áður. Ég auglýsti eftir viðmælendum hjá Stígámótum, Afliinu á Akureyri og Sólstöfum á Ísafirði fyrir

tveim vikum og er strax komin með svör frá þremur karlmönnum sem vilja vera með. Og ég er sem sagt að fara á fullt í þetta verkefni eftir áramótin. En ég vil taka fram að þegar ég tala um að það vanti úrræði er ég ekki að gera líðið úr starfi Sólstafa, Stígámóta og Afllins, því þar er vissulega unnið mjög mikilvægt starf, en þar er fólk ekki að fá beina hjálp við heilsufarslegum afleiðingum.“

## Alltaf talað um karlmenn sem gerendur, ekki þolendur

„Svo erum við að fara af stað með námskeið í Háskólanum á Akureyri, ég og þrjár aðrar konur, sem heitir *Kynbundið ofbeldi, vanræksla og ill meðferð* núna eftir áramótin. Það er í fyrsta sinn sem kennt er sérstakt námskeið á Íslandi um kynbundið ofbeldi og verður það kennt í fjarnámi m.a. hér á Ísafirði. Hugmyndin að því námskeiði kviknaði hjá mér þegar ég var í mínu meistaranámi og var að leita að námskeiði um þetta efni en fann ekkert sem nýttist í mínu námi og bar hugmyndina undir Sigríði leiðbeinanda minn sem kom þessu í gegn.

Reyndar er ég ekki mjög hrifin af orðinu kynbundið ofbeldi, ég nota frekar orðin kynferðislegt ofbeldi eins og ég gerði í mastersritgerðinni. Í huga fólks hér er orðið kynbundið ofbeldi notað eingöngu yfir ofbeldi gegn konum. Allt þetta tal um kynbundið ofbeldi sem ofbeldi gegn konum verður til þess að karlmennirnir bakka bara út. Þeir einfaldlega hræðast þetta og það eru alltaf konur í forsvari fyrir þessi mál, mjög sjaldan karlmenn. Það er alltaf talað um karlmenn sem gerendur í kynferðislegu ofbeldi og nánast ekkert horft til þeirra sem þolenda.

Og það sem gerir málið ennþá snúnara er að drengir verða einnig fyrir kynferðisofbeldi frá konum og um það ríkir nánast algjör þögn í samfélaginu. Það er eins og það sé tabú að minnst á það að konur beiti kynferðisofbeldi.



# ir ofbeldi

Ég held að það geti verið erfðara fyrir karlmenn að taka á því að hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi, sérstaklega ef það hefur verið kona sem var gerandinn. Enda segja karlmenn sem verða fyrir kynferðisofbeldi í æsku sjaldnar frá því en konur og rannsóknir sýna að þeir fari frekar út í afbrot og fíkniefni á unglings- og fullorðinsaldri á meðan konurnar snúa reiðinni meira að sjálfum sér og eru meira í sjálfskaðandi hegðun, sjálfsmeiðingum, anorexíu, „lauslæti“ eða vændi, svo dæmi séu tekin. Þetta fólk er oft dæmt af samfélaginu, sem auðvitað eykur enn á sjálfsásökunina og sjálfsfyrirlitninguna sem fylgir því að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi.“

## „Líkaminn tjáir það sem við komum ekki í orð“

„Mitt áhugasvið er samspil líkama og sálar í tengslum við heilsufarið og sálræn áföll. Ég tel að það séu ekki til einhver heilsufarsvandamál sem eru „bara“ andleg eða „bara“ líkamleg. Þetta spilar allt saman. Við erum bæði líkami og sál og ekki hægt að skilja þar á milli. Við verðum að líta á okkur heildrænt. Margir óttast að vera stimplaðir sem andlega vanheilir og leita því bara eftir meðferð með líkamleg einkennum, það er vegna fordóma í samfélaginu og hjá einstaklingum sjálfum.

En heilsufarsleg vandamál segja oft svo mikla sögu. Ég tel að allt sem við upplifum á lífsleiðinni marki spor í líðan okkar og heilsufar og rekja megi mjög marga sjúkdóma og heilsufarsleg vandamál til fyrri sálrænna áfalla eða erfðileika í lífinu. Sérstaklega ef fólk bælir slíka reynslu inni til margra ára, jafnvel margra áratuga, segir ekki frá eða vinnur sig ekki út úr því. Þá tekur líkaminn að sér að segja frá með því að þróa alls konar einkenni. Þess vegna er svo mikilvægt að auka umræðuna um þessi mál svo fólk geti leyft sér að tala um það sem því liggur á hjarta, án þess að vera ekki trúað eða þurfa



að óttast að vera dæmt af samfélaginu.

Ef barn t.d. lendir í alvarlegu sálrænu áfalli eins og kynferðislegu ofbeldi eða býr við heimilisofbeldi og getur ekki rætt við neinn, þá byrgir það inni mikinn ótta, vanmáttarkennd og reiði. Ef slíkt er lokað inni lengi kemur að því að það brýtur sér leið út á einhvern hátt. Til að skilja hvernig slíkt getur haft áhrif á heilsufar má nefna að barn sem býr við slíkar aðstæður hættir t.d. að geta sofandi á nóttunni, nær því ekki að hvílast, er með stöðugar áhyggjur, þróar með sér kvíða, líkaminn stífnar upp og er stöðugt í viðbragðsstöðu. Við getum sagt okkur sjálf hvað gerist ef líkaminn er stöðugt í viðbragðsstöðu, viðbragðskerfið nær ekki að slaka á og líkaminn þolir ekki slíkt til langs tíma, af því kemur vöðvabólga, verkir, álag á hjarta og hormónakerfi og margt fleira.“

## Umræðan á villigötum?

Sigrún er ekki alveg sátt við hvernig umræðan um kynferðisofbeldi hefur þróast.

„Þetta er orðin svolítið einhæf umræða sem snýst alfarið um konur sem þolendur ofbeldis og beinist of mikið gegn körlum sem gerendum. Í umræðunni í dag er ekki talað um að karlmenn geti verið þolendur og örsjaldan sem slík mál eru kærð, þeir þora ekki að standa upp og segja frá.

Annað sem mér líkar ekki er það að fólk sem vinnur við þennan málaflökk er farið koma fram og er farið að leggja áherslu á það hvaða orð megi nota í þessari umræðu og hvað ekki. Það er nú farið að tala um það eigi til dæmis ekki að tala um sálarmorð og sálardaða, en það eru orð sem þolendur nota sjálfir eins og í minni meistarárannsókn. Það er nú nógu erfitt fyrir fólk að byrja að tala um þessa reynslu þótt það þurfi ekki líka að hafa áhyggjur af því hvað það „megi“ segja og hvernig sé rétt að því eigi að líða og hvernig ekki. Þegar fólk má ekki nota sín orð eða sína túlkun á líðan sinni og tilfinningum eftir svona áföll er umræðan komin á hálan ís. Mér finnst algjör óþarfi að vera að eyða orku í það að finna „réttu“ orðin í þessu, finnst það algjört aukaatriði.

En sjálf sagt fylgja svona öfgar alltaf þegar eitthvað sem hefur verið tabú svona lengi fær loksins að koma fram í dagsljósið. Það þýðir þó ekki að við þurfum ekki að vera vakandi fyrir því að umræðan fari ekki langt frá því sem skiptir máli.“

En hvernig stendur á þessum mikla áhuga Sigrúnar á kynferðisofbeldi. Er hún sjálf þolandi?

„Nei, ekki svo ég muni allavega. Ég segi það því ég hef séð að fólk bælir þessar minningar svo rækilega að það man alls ekki eftir þeim í mörgum tilfellum. Börn eru snillingar í að loka

á það sem er óþægilegt og muna ekkert eftir því, það er bara þeirra vörn til að þróa. Einnig er vel þekkt að fólk aðgreinir sig frá áfallinu eða ofbeldinu og getur jafnvel orðið svo fært í því að það aðgreinir líkamlegan sársauka frá sjálfu sér, til að þróa.

En ég er alveg viss um að ekkert af þessu tagi hefur komið fyrir mig. Ég átti mjög gott heimili og yndislega foreldra og leið ofsalega vel sem barni. Ég hef meira að segja leitað til miðla til að reyna að finna skýringar á þessum áhuga. Ég er mjög andlega sinnuð, trú á líf eftir dauðann og að við getum fengið ákveðin skilaboð og hvatningu þaðan. En ég hef engin rökrétt svör við því hvaðan þessi áhugi minn á þessum málum er sprottinn, þetta er bara eitthvað sem kemur alltaf til mín aftur og aftur. Einnig hef ég ofsalega sterka réttlætiskennnd sem ég hef verið alin upp við og ég þarf að sinna og sérstaklega mikla vernd. Ég gæti ekki unnið svona mikið í þessum málum ef ég hefði hana ekki. Og ég held að ég gæti ekki verið að vinna í þessu svona mikið ef ég hefði lent í því sjálf, það væri örugglega búið að koma fram í mínu lífi. Ég er alin upp við þá hugsun að aðgát skal höfð í nærveru sálar og að hjálpa þeim sem minna mega sín og líklega er ég í þessu þess vegna.“

Sigrún flutti með fjölskylduna, eiginmanninn Ólaf Óskarsson

sjúkrahjálpara og þrjú börn, frá Þrándheimi til Ísafjarðar í júní síðastliðnum. Er hún alkomin heim?

„Ég get ekki svarað því. Það er víst eitthvert sígaunablóð í mér og ég á erfitt með að setjast um kyrrt á sama stað til langs tíma. En ég hef svo sterkar rætur hérna, mamma er reyndar flutt héðan og báðir bræður mínir, en þetta er alltaf heima og hér á ég heima þó svo ég skreppi burtu, ég kem alltaf aftur.

Hér er mínar rætur og líklegar togar minningin um föður minn einnig í mig hingað og vissulega sakna ég þess oft að hafa ekki fjölskylduna hér eins og var áður. Ég á góðan vinkvennahóp hérna, stelpur sem hafa fylgt manni í gegnum skólagönguna og íþróttirnar og það er mikils virði. Þrjár okkar hafa verið vinkonur síðan við vorum þriggja og fjögurra ára og þær eru mér í raun eins og systur. Maðurinn minn er ánægður hér og krakkarnir eru alsælir hérna sem skiptir jú mestu máli. Þau finna það að mér líður vel að vera komin heim. Börn eru besti mælikvarðinn á líðan móðurinnar. Það er mjög góður grunnskóli hér fyrir þau, þau eru í íþróttum og Tónlistarskólanum og blómstra sem aldrei fyrr og ekki gott fyrir þau að vera mikið á flakki, ég geri mér fulla grein fyrir því. En ég veit ekkert hvað ég verð hér lengi í þetta skiptið. Það kemur bara allt í ljós.“

# Áfram boðið upp á ferðir með póstbílnum um Ísafjarðardjúp

Súðavíkurhreppur hefur samið við Íslandspóst um áframhaldandi þjónustu við íbúa dreifbýlis sveitarfélagsins. „Undanfarin ár hefur verið það frábrigði á póstdreifingu í Ísafjarðardjúpi að farþegar gátu setið með landpóstinum þrisvar í viku. Við sömdum við um þessa þjónustu þar sem það myndi henta íbúum dreif-

býlisins betur og Íslandspóst fékk þóknun fyrir. Um áramót rann þessi samningur úr gildi en við erum nú að ganga frá samningi um ganga frá samningi um samþættingu þjónustu þar sem íbúar dreifbýlisins býðst að sitja í hjá póstinum einu sinni í viku,“ segir Ómar Már Jónsson sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. Hann segir að

þó ferðirnar fækki úr þremur í eina á viku telji hann um að ræða ágætis lendingu í málinu. Aðspurður hvort það tókist að sveitarfélagið stæði fyrir svona þjónustu segist Ómari ekki vera kunnugt um það.

„Ég veit ekki um neitt annað sveitarfélag sem gerir þetta með þessum hætti, en það eru sam-

bærileg dæmi í Japan þar sem pósthjónustan er nýtt við félagsþjónustu íbúa dreifbýlisins. Segja má að hér sé um það sama að ræða, en verið er að nýta þær ferðir sem til staðar eru til að sinna viðbótarstörfum sem snúa að þjónustu sveitarfélaga. Vissulega er þetta óhefðbundið en aðstæður eru með þeim hætti að dreif-

býlið er viðfeðmt og langt á milli bæja og margir íbúanna komnir á efri ár. A þeim forsendum ákváðum við að komast til móts við íbúa með þessum hætti,“ bætir Ómar við.

Rétt er að taka fram að þótt ferðum verði fækkað breyttist póstdreifing ekki á svæðinu.

– thelma@bb.is

## Von á yfir 20 þúsund ferðamönnum í sumar með skemmtiferðaskipum

Nú þegar hafa hátt í 30 komur skemmtiferðaskipa verið tilkynntar til Ísafjarðarhafnar sumarið 2010. Skipin sem koma næsta sumar eru mjög mismunandi að stærð, allt frá tæplega 4 þúsund og upp í ríflega 100 þúsund brúttótonn að stærð. Með minnsta skipinu koma 250 farþegar en um 3.470 með því stærsta, að því gefnu að skipin verði fullsetin. Alls er pláss fyrir 21.332 farþega með þessum skipum. Von er á langstærsta skipi sem komið hefur til Ísafjarðar en það er Costa Magica sem er væntanlegt um miðjan júní. Skipið er rúm 102 þúsund brúttótonn og rýmir 3.470 farþega. Útlit er því fyrir gott ár og miklar annir hjá þeim þjónustuaðilum sem koma á einn eða annan hátt að þessum skipakomum. Spáð hefur verið vexti í ferðaþjónustu



Costa Magica er yfir 102 þúsund brúttótonn.

sem viðkemur komum skemmtiferðaskipa næstu árin þrátt fyrir efnahagslega lægð. Ísafjarðarhöfn s er þriðja stærsta höfn landsins

er kemur að móttöku skemmtiferðaskipa. Alls komu 26 skemmtiferðaskip til Ísafjarðar í sumar með um 17.000 ferðamenn um borð og hefði

fjöldinn verið enn meiri ef stærsta skip sumarsins, hollenska skipið Rotterdam, hefði ekki aflýst komu sinni. Komum skemmtiferðaskipa til

Ísafjarðar hefur fjölgað ár frá ár. Farþegar skipanna settu oft mikinn svip á bæjarlífið, sérstaklega þegar um stærri skip er að ræða.

## Hvert starf dýrmætara á landsbyggðinni

Mikilvægt hefði verið að viðurkenna að á Íslandi eru í raun tvö hagkerfi þegar kom að því að takast á við vandamálin sem kreppan skapaði, segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík, í inngangi að áramótayfirliti hreppsins. Ómar telur að höfuðborgarsvæðið verði mun fljótara að vinna sig út úr áhrifum kreppunnar þegar þar að kemur heldur en landsbyggðin og því hefði skipt sköpum að standa vörð um það sem áunnist hefur. Orðrétt segir í hugleiðingu Ómars:

„Við samanburð á áhrifum kreppunnar má sjá að hún hefur

ólík áhrif á þau tvö efnahagskerfi sem í landinu eru, þ.e. hagkerfi höfuðborgarsvæðisins og nágrennis þess og síðan landsbyggðarinnar. Þar má ætla að áhrif af völdum ákvarðana ríkis auki verulega á áhrif kreppunnar vegna margvíslegs niðurskurðar sem bitnar mun verr á landsbyggðinni og bætist við þann vanda sem hún hefur átt við að stríða allt frá árinu um 1940 þegar íbúum fór að fækka víðast hvar á landsbyggðinni.

Á viðkvæmum svæðum landsbyggðarinnar má segja að hvert starf sé dýrmætara en það er á



Ómar Már Jónsson.

höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan er sú að þegar þjóðin fer að vinna sig út úr kreppunni þá mun höfuðborgarsvæðið verða mun fljótara að jafna sig og vinna til baka þau störf sem tapast. Mikil hætta er þá á því að landsbyggðin sitji eftir sem auki enn frekar á þann vanda sem dreifðar byggðir landsins búa við.

Það er jafnframt slæmt og að vissu leyti undarlegt að hafa á svokölluðum þenslutíma eða góðaristíma sem stóð yfir á árunum 2007 og 2008 þurft að mæta niðurskurði á opinberum framkvæmdum á Vestfjörðum í

því skyni að draga úr þenslu sem sýndi sig hvað sterkast á höfuðborgarsvæðinu, en sýndi sig nánast ekkert í dreifðum byggðum landsins. Þegar fjármálakreppan kom síðan í kjölfarið, þá var ekki hikað við að skera niður á landsbyggðinni til jafns við þá staði þar sem þenslan hafði verið hvað mest. Í því sambandi hefði verið mikilvægt að viðurkenna að á Íslandi eru tvö ólík hagkerfi. Ef horft hefði verið til þess hefði mátt standa mun betur vörð um það sem hefði áunnist á landsbyggðinni og því leyst að halda sér.“ – fridrika@bb.is



Orkubú Vestfjarða.

# Hækkunir á verðskrá Orkubúsins

Orkubú Vestfjarða ohf., hefur ákveðið að hækka verðskrár fyrirtækisins fyrir raforkudreifingu um 10% að jafnaði frá og með síðustu áramótum. Hækkunin er m.a. rökstudd með vísan til verðlagshækkana frá síðustu breytingu verðskrárinnar þann 1. mars 2009. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 6,4% síðustu 10 mánuði. Ennfremur er vísað til 10% hækkunar á flutningsgjaldskrá Landsnets í ágúst en sú

hækkun kallar á rúmlega 3% hækkun á dreifingjaldskrár OV til að mæta útgjöldum af þeim sökum. Einnig er bent á í tilkynningu frá fyrirtækinu að tekjur OV af raforkudreifingu hafa alla tíð verið vel undir leyfilegum tekjumörkum en með þessari hækkun færast OV örlítið nær mörkunum. Orkustofnun hefur samþykkt hina nýju verðskrá.

Verðskrá fyrir rafmagnssölu hækkar að jafnaði um 6%. Hækk-

unin er rökstudd með vísan til boðaðrar hækkunar Landsvirkjunar um 4,4% í byrjun þessa árs og verðlagshækkana seinni hluta árs 2009. Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í Mjólkársvirkjun og af þeim sökum er lögð til ívið meiri hækkun en verðlagsforsendur gefa tilefni til. Þrátt fyrir þessa hækkun er OV með lægra auglýst verð en Orkusalan og HS-Orka.

Verðskrá fyrir hitaveitur hækkar að jafnaði um 8%. Tengigjöld verða óbreytt að sinni. Hækkunin er m.a. rökstudd með vísan til verðlagshækkana frá síðustu breytingu verðskrárinnar 1. mars 2009. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 6,4% síðustu 10 mánuði.

Þá er ennfremur bent á að Orkubú Vestfjarða boraði vinnsluholu fyrir heitt vatn í Tungudal við

Skutulsfjörð á haustmánuðum 2008. Borverkið kostaði um 180 milljónir króna en árangur af borun varð enginn. Afláni Orkusjóðs til verksins voru 90 milljónir felldar niður en mismuninn, 90 milljónir, þurfti Orkubú Vestfjarða að taka á sig. Iðnaðarráðuneytið hefur staðfest hina nýju verðskrá og auglýst hana í Stjórnartíðindum.

– *thelma@bb.is*

## Vilja ljúka endurbyggingu Víkurbæjar í ár

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur farið fram á að á veitt verði fjármagn til að ljúka við endurbyggingu á Félagsheimili Bolungarvíkur. Þetta kemur fram í breytingartillögu við fjárhagsáætlun 2010 sem bæjarráð hefur samþykkt. Annars vegar er um að ræða 40 milljónir króna í stað þeirra 25 milljóna króna sem lagðar voru til við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun. Sú upphæð verður nýtt til að ljúka við verk-samning þann sem nú er unnið eftir. En einnig er lagt til að settar verði í verkefnið 25 milljónir króna vegna innréttinga og búnaðar þannig að húsið verði tilbúið til notkunar eigi síðar en 1. des-

ember 2010.

Fjármögnun viðbótarfjárfestingar byggir á því að útkomuspá ársins 2009 gerir ráð fyrir 15 milljóna króna betri afkomu þess árs en gert var ráð fyrir við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun. Einnig hefur verið dregið úr áætlun um viðhaldi í eignasjóði á árinu 010 um 5 m. kr. Þá gera fjárlög ríkisins fyrir árið 2010 ráð fyrir því að sveitarfélögum verði endurgreiddur útlagður kostnaður vegna hækkunar tryggingargjalds úr 7% í 8,6%, en það þýðir auknar tekjur fyrir Bolungarvík að upphæð 4 m. kr. Gert er ráð fyrir að þeim mismun sem á vantar verði mætt með sölu eignar.

### Þakkir

Alúðar þakkir fyrir gjafir, kveðjur og heimsóknir á 90 ára afmælisdegi mínum, 28. desember sl.

Ég óska þess að nýbyrjað ár verði ykkur heiladrygt.

Ísafirði, 10. janúar 2010  
Sigurður Jónsson.

## Hótel Reykjanes Ísafjarðardjúpi

### Porrablót 2010

22. janúar - 24. janúar

29. janúar - 31. janúar

5. febrúar - 7. febrúar

- Gisting í 2 nætur
- Súpa, brauð og salatbar á föstudag
- Morgunverð laugardag og sunnudag
- Porrhlaðborð á laugardag
- Lifandi tónlist

Verð: 10.500 kr. (pr. mann)

Pantanir í síma: 456-4844 eða á: [rnes@rnes.is](mailto:rnes@rnes.is)

Vinsamlegast látið berast



## Bolvískir smábátar aflahæstir

Bolvískir bátar tróna á toppi á lista yfir aflahæstu smábátar landsins í desember. Sírýr ÍS er í efsta sæti með 112 tonn í 19 róðrum, Guðmundur Einarsson ÍS í öðru sæti með 101 tonn í 19 róðrum, Hrólfur Einarsson ÍS er þriðji með 91,8 tonn í 20 róðrum og Einar Hálfðans ÍS með 89 tonn í 19 róðrum.

Bolvíski báturinn Snjólfur ÍS er í efsta sæti yfir smábátar undir 10 brt. en hann var með 39,5 tonn í tíu róðrum í mánuðinum.



Menntaskólinn á Ísafirði.

# Gert ráð fyrir hagnaði í ár

## smáar

Óska eftir einbýlishúsi eða raðhúsi til leigu sem fyrst. Uppl. í síma 866 5304.

Til sölu er leðursófasett, 3+2+1. Uppl. í síma 456 4546.

Óska eftir frimerkjum, umslögum og póstkortum með frimerkjum og peningaseðlum gefnum út fyrir 1960. Um er að ræða staðgreiðslu. Uppl. gefur Sverrir í síma 691 7794.

Stjórnendur Menntaskólans á Ísafirði gera ráð fyrir 8,7 milljóna króna hagnaði á rekstri í ár, eftir að halli fyrri ára hefur verið gerður upp. Á fundi skólaneftardar sem fram fór um miðjan desember, fór Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari yfir stöðuna og taldi allar líkur á að verulega myndi saxast á uppsafnaðan halla á rekstri skólans, sem áætlaður

var 2,7 milljónir króna í árslok, við uppgjör síðasta rekstrarárs. Eins og fram kom í tilkynningu frá skólunum í nóvember var 14 milljóna króna halli á árinu 2008 en á árinu 2007 varð afgangur upp á 17 milljónir. Í upphaflegri rekstraráætlun 2009 var gert ráð fyrir að allur uppsafnaður halli fyrri ára yrði greiddur upp, samtals 24,5 milljónir króna.

Í skólasamningi frá 2006 og síðan við endurskoðun samningsins 2008 hefur fjárframlag til skólans verið miðað við nemandauppgjör eins og það var 2005. Síðan þá hefur námsframboð aukist með tilkomu háriðnbrautar, 3ja árs námi vélstjórnar og stálmíði ásamt samfélags-túlkun. Vikulegar kennslustundir hafa hins vegar verið skornar

verulega niður með hagræðingu og voru á haustönn 140 vikustundum færri en var þá.

Í rekstraráætlun fyrir 2010 er gert ráð fyrir að vikustundir á önn verði 200 færri en var fyrir fjórum árum sem þýðir um átta stöðugildi. „Með þessari miklu skerðingu námsframboðs ásamt öðrum aðhaldsaðgerðum mun takast að halda rekstri skólans innan fjárlagarammans á næsta ári,“ sagði í tilkynningu MÍ. Á fundi skólaneftardar kom fram að nefndarmenn telja að ekki verði lengra gengið í niðurskurði en stöðugildum við skólann hefur fækkað um 25% frá 2005 og námsframboð því dregist allverulega saman frá því er mest var.

– thelma@bb.is

# Þjóðaratkvæði um Icesave

## Stakkur skrifar

Forseti Lýðveldisins Íslands synjaði eftir nokkra umhugsun lögum um breytingu á lögum nr. 96 frá 2. september 2009 staðfestingar. Um þau lög munu kjósendur á Íslandi geta kosið í febrúar eða mars og ráða því hvort þær breytingar sem tóku mikinn tíma Alþingis verði að veruleika eður ei. Lögin með langa nafnið frá því í september eru því í fullu gildi og þar kemur fram skýr vilji Alþingis til að greiða tryggingar vegna innistæðu þeirra er lögðu fé á reikninga í Landabanka í Bretlandi og Hollandi. Hér hafði verið gert ráð fyrir því að Forsetinn myndi staðfesta breytingarlögin. En þeir sem höfðu skráð nöfn sín á netinu til að skora á hann að synja þeim gildistöku fengu sitt fram. Það er þess vegna merkilegt að heyra og lesa eftir forystumönnum bæði Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að nú skuli tekið til við samninga að nýju.

Kannski er það hægt og auðvitað væri það fagnaðarefni ef svo vel tækist til að nýr og betri samningur um endurgreiðslur kæmist á. Um leið og vonast er til þess að það gangi eftir verður að hafa varann á og búast við því ferlið verði afar torsótt og að líkindum ómögulegt. Tvær leiðir voru í málinu, önnur að setja það fyrir dómstóla og hin að semja. Sú síðari var valin með þeim árangri sem öllum er kunnur. Það skýtur óneitanlega skökku við að þeir sem hæst töluðu um þjóðaratkvæði virðast ekki hafa meint það í alvöru. Kannski vita þeir í gömlu stjórnarflokkunum

eitthvað nýtt sem losar Íslendinga undan því að greiða atkvæði um gildi laganna. Sú vitneskja þarf að koma upp á yfirborðið sé hún á annað borð fyrir hendi.

Samningaleiðin var sú sem ríkisstjórn Íslands valdi og því hefði verið eðlilegt að stíga það skref til fulls. Sú leið var valin til þess að reyna að flýta fyrir endurreisn efnahagslífs á Íslandi og veitir ekki af að koma hjólum þess af stað á nýjan leik. Hversu mikið það kann að dragast að hjálp berist erlendis frá vegna þeirrar stöðu sem Icesave málið er komið í er engin leið að sjá fyrir. Íslendingar virðast ekki eiga marga raunverulega vini þegar á bjátar, enda er landið ekki lengur jafn mikilvægt hernaðarlega og þegar við áttum vísan stuðning í deilum vegna landhelginnar 1958, 1972 og 1975, sem gengu svo langt að Geir Hallgrímsson sleit stjórn málasambandi við Stóra Bretland 1976. Í framhaldinu var samið.

Nú er staðan önnur. Samningur var lokið og það hefur óneitanlega áhrif á hina samningsaðilina ef þeir skynja að ætlunin sé sú að láta ekki gerða samninga standa. Það mun koma í ljós í náinni framtíð hver þau áhrif verða og hvernig á vinna úr afleiðingum þess að sú vissa virðist að festast í sessi að Íslendingar ætli ekki að standa við gerða samninga. Sem fyrr segir er það ekki rétt túlkun, en verulega hefur skort á að málstað Íslendinga hafi verið komið á framfæri erlendis. Eins og staðan er nú eiga íslenskir kjósendur leik.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum Stakks á meðan hann notar dulnefni sitt.

## Sjoppur, hús og selsheifur

Vestfirsku heimildarmyndirnar á vefsíðunni imbinn.is eru nú orðnar átta talsins og kennir þar ýmissa grasa. bb.is hefur áður sagt frá myndböndum um Sophus Magnússon og Halldór Hermannsson, en síðan hafa bæst við rútuferð um Bolungarvíkur-göngin, síðasta lag fyrir fréttir og sjoppuþemu frá Flateyri, Bíldudal og Súðavík.

Það er, eins og áður hefur komið fram Janus Bragi Jakobsson sem er nýútskrifaður frá Danska kvikmyndaskólanum, þar sem hann lagði stund á heimildarmyndagerð, og langaði að breyta aðeins til og gera eitthvað öðruvísi, sem á hugmyndina og heiðurinn af myndböndunum.

# Fækkar í Þjóðkirkjunni á Vestfjörðum

Af rúmlega 5700 sóknarbörnum á Vestfjörðum eru um 4.725 skráðir í Þjóðkirkjuna samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Fyrir ári voru um 5.400 þjóðkirkjumeðlimir í Vestfjarðaprófestsdæmi og fer þeim því fækkaði. Yfir þrjú tugi sókna er að finna í fjórðungnum og níu prestaköll. 115 eru í Þjóðkirkjunni í Holtsprestakalli og 88 ekki skráðir í kirkjuna. Í Bolungarvíkurprestakalli eru 573 sóknarbörn skráð í Þjóðkirkjuna á móti 201 sem ekki er skráður. Í Ísafjarðarprestakalli eru 1.933 í Þjóðkirkjunni en 320 ekki. Af 308 sóknarbörnum í Reykhóla- prestakalli eru 29 ekki í Þjóðkirkjunni. 424 eru í Þjóðkirkjunni í Patreksfjarðarprestakalli en 102 ekki.

Af 454 sóknarbörnum í Bildudals- og Tálknafjarðarprestakalli er 101 ekki í Þjóðkirkjunni. 263 í Þingeyrarprestakalli eru í Þjóðkirkjunni og 29 ekki. Af 388 sóknarbörnum í Staðarprestakalli eru 132 ekki skráðir í Þjóðkirkjuna og í Hólmavíkurprestakalli eru 32 af 521 sóknarbarni ekki skráð í Þjóðkirkjuna.



Ísafjarðarkirkja.

Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar um skiptingu landsmanna 16 ára og eldri eftir trúfélögum og söknum. Hinn 1. desember síðastliðinn voru sóknarbörn í Þjóðkirkjunni 16 ára og

eldri 194.903 talsins en það er fækkun um 673 frá fyrra ári. Hlutfallslega fjölgaði hins vegar sóknarbörnum Þjóðkirkjunnar úr 78,6% í 78,9% af öllum 16 ára og eldri. „Þetta skýrist einkum

af því að mannfækkun á árinu utan við Þjóðkirkjuna,“ segir í var mest meðal þeirra sem stóðu frétt Hagstofunnar.

## Tuttugu og fimm börn á biðlista eftir leikskólaplássi

Á Ísafirði eru 25 börn á biðlista eftir leikskólaplássi eins og staðan er í dag, enginn biðlisti er á Flateyri og Þingeyri og tvö börn eru á biðlista á Suðureyri. Yfir 30 börn voru á biðlistum leikskóla Ísafjarðarbæjar í október. Flest biðu eftir plássi á Sólborg eða 17 börn, en því næst komst Eyrarskjól þar sem 14 börn voru

á biðlista. Þetta kemur fram í samantekt leikskólafulltrúa sem lögð var fyrir fræðslunefnd sveitarfélagsins á síðasta fundi.

Flest barnanna á biðlista eru fædd 2008 eða 24 talsins. Þá eru sjö börn fædd á árinu 2009 og tvö börn fædd árið 2007. Sveitarfélagið hefur haft það fyrir stefnu að öll börn eldri en átján mánaða

gömul komast fljótt í leikskóla eftir að sótt er um fyrir þau. Flest barnanna á biðlista eru undir þeim aldri.

Í Ísafjarðarbæ eru sex leikskólar, Sólborg og Eyrarskjól eru á Ísafirði, Bakkaskjól í Hnífsdal, Tjarnarbær á Suðureyri, Laufás á Þingeyri og Græni garður á Flateyri. – *fridrika@bb.is*

## Nítján milljónir í framkvæmdir og afmæli Skrúðs

Rúmar 19 milljónir fóru í viðburði og framkvæmdir skrudgarðsins Skrúðs í Dýrafirði á síðasta ári. Þar má helst nefna veglega hátíðardagskrá í Skrúði í ágúst þar sem haldið var upp á 100 ára vigsluafmæli garðsins en sá sögulegi viðburður varð þann 7. ágúst árið 1909. Kostnaður við afmælið var tæp milljón. Einnig hefur verið unnið að miklum endurbótum og nýframkvæmdum við og í umhverfi garðsins.

Kostnaðarmesti liðurinn voru lagning bílastæðis og vegar en því næst kom hönnun, eftirlit, teikningar og ráðgjöf sem hljóð-

aði upp á tæpar fjórar milljónir. Stofnarkostnaður við uppsetningu rafmagns í garðinum var 1,5 milljón. Kostnaðurinn kom í hlut framkvæmdasjóðs Skrúðs en fyrir liggur að töluverður kostnaður fari í framkvæmdir á þessu ári, m.a. frágangur og fyrirhuguð malbikun á bílastæði og stíg auk þess sem ráðgert er að koma upp nýjum hvalbeinum í garðinum. Þá eru uppi áform um að koma upp nýbyggingu aðstöðuhúss við garðinn.

Skrúður í Dýrafirði er einn elsti skrudgarður Íslands. Sérstaða Skrúðs umfram aðra garða er ekki síst tengd tilurð og tilgangi

hans en í upphafi var hann hugsaður sem kennslugarður fyrir nemendur á Núpi. Stofnandi Skrúðs, séra Sigtryggur Guðlaugsson, tífundaði mikilvægi ræktunar garðjurta til fæðubótar og heilbrigðis. Segja má að sú hugsun hafi á þeim tíma verið langt á undan samtímanum. Í garðinum voru kjálkabein af einni stærstu steypireyði sem hefur verið fönnguð við Ísland, en það var árið 1892. Þau voru tekin niður á síðasta ári og komið til varanlegrar varðveislu og verða yngri bein sett upp í staðinn. – *thelma@bb.is*



ÍSAFJARÐARBÆR

HAFNSÖGUMAÐUR

Auglýst er laus til umsóknar staða hafnsögumans við hafnir Ísafjarðarbæjar. Um er að ræða fullt starf. Starfið felur í sér leiðsögn skipa að og frá höfnum Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur, auk annarra almennra hafnarstarfa. Farmannaréttindi á 3. stigi eru æskileg, en skipstjórnarréttindi á 2. stigi nauðsynleg.

Um er að ræða lífandi starf sem kallar á mikil samskipti við fólk. Nánari lýsingu á starfinu og hæfniskröfur er að finna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is), undir „Störf í boði hjá Ísafjarðarbæ.“ Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum. Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá og afriti af réttindaskirteinum skulu berast skrifstofu Ísafjarðarhafnar, Hafnarhúsinu, 400 Ísafjörður, eigi síðar en mánudaginn 1. febrúar nk., merkt „Starf hafnsögumans.“

Gert er ráð fyrir að ráðið verði í starfið eigi síðar en 15. febrúar nk. og að viðkomandi hefji störf í síðasta lagi 15. maí nk. Frekari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarhafnar í síma 450 8081 eða í netfanginu [hafnarstjori@isafjordur.is](mailto:hafnarstjori@isafjordur.is).

## gegnum LINSUNA

Vegna síaukins áhuga almennings á ljósmyndun, hefur Bæjarins besta ákveðið að birta í vetur valdar myndir eftir hina fjölmörgu áhugaljósmyndara á Vestfjörðum. Þeir sem vilja leyfa lesendum blaðsins að sjá verk sín er bent á að senda þær í prentgæðum á netfangið [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is) ásamt stuttum texta og ljósmynd af höfund. Áhugaljósmyndari vikunnar er Hilmar Örn Þorbjörnsson á Ísafirði.



**Hornvík:** Þessi mynd er tekin frá Stígshúsi í Hornvík og út með víkinni í átt að Hornbjargi. Sólin lék fallega við skýin og úr varð kjöríð myndefni. Þetta er svokölluð „HDR“ mynd, þ.e. myndin er samsett úr sjö myndum sem teknar eru í röð, hver mynd ljósari en sú næsta á undan. Myndirnar eru settar ofan á hverja aðra í myndvinnsluforritinu Photomatrix og aðeins lagaðar í Adobe Lightroom. **Myndavél:** Nikon D200. **Linsa:** Sigma 10-20 mm **Ljósop:** f/8. **Hraði:** 1/640 - 1/400 - 1/200 - 1/100 - 1/25 - 1/13 - 1/6. **ISO:** 200.

# Besti leikmaður BÍ greindist með sortuæxli

Óttar Kristinn Bjarnason leikmaður knattspyrnuliðs BÍ/Bolungarvíkur var kjörinn Leikmaður ársins 2008 af leikmönnum BÍ/Bolungarvíkur í lokahófi félagsins. Hann er einn þeirra sem tóku þátt í óhefðbundinni fjáröflun félagsins þar sem nokkrir leikmenn voru myndaðir án klæða fyrir dagatal. Óttar frestaði því að láta taka af sér ljótan fæðingarblett fyrir sumarið svo það myndi ekki hafa áhrif á frammistöðuna að vera með sár á fæti. Þegar hann lét fjarlægja hann í nóvember síðastliðinn kom í ljós að um sortuæxli var að ræða. Hann fékk þó að vita daginn fyrir júl að hann væri orðinn albata.

– Hvernig fannst þér að vera valinn leikmaður ársins?

„Þetta er mikill heiður og ekki síst þar sem þetta er valið af leikmönnum liðsins en ekki af einhverri sérskipaðri dómnefnd eða stjórn. Maður metur það

meira fyrir vikið.“

– Það er óhætt að segja að þetta hafi verið gott sumar hjá þér í boltanum?

„Já þetta er fyrsta sumarið sem ég meiðist ekkert og gat því spilað alla leikina. Með hverjum leik verður formið betra svo þetta var fint sumar.“

– Óttar Kristinn hefur spilað nánast stanslaust frá því að hann var smáþatti.

„Ég tók mér smá pásu eftir tapið í úrslitaleiknum haustið 2007 þegar við áttum möguleika á því að fara upp um deild. Það dró svolítið úr mér og ég var mjög svekktur að við skildum hafa klúðrað því. En svo var frábært þegar ég kom aftur, það var líklega ágætt að taka smá pásu.“

– Óttar spilar með BÍ/Bolungarvík á sumrin en æfir með Stjórnnni í Garðabæ í vetur.

„Það er fint að æfa með Stjórnnni. Þeir eru í úrvaldsdeildinni,

skemmtilegir strákar og gott tempó á æfingum.“

– Geturðu þá nýtt eitthvað úr úrvaldsdeildinni á sumrin fyrir vestan?

„Já, já maður lærir alltaf eitthvað nýtt. Ég er þriðji elsti leikmaðurinn í liðinu og ég er einungis 26 ára svo þetta er mjög ungt lið. Það er því ágætt að geta miðlað einhverju til strákanna.“

– Hverju spáir þú um næsta tímabil hjá BÍ/Bolungarvík?

„Það er erfitt að spá eitthvað til um það. Við höfum rætt það okkar á milli að stefnan er tekin upp á við, upp í fyrstu deild. Ég bind miklar vonir við að það takist, því þrátt fyrir að liðið sé ungt þá er þetta gott lið. Ef við verðum lausir við meiðsli eigum við mikla möguleika á því að komast upp í 1. deildina.“

Við erum klárlega mun sterkari eftir sameininguna. Við vorum í raun með tvö miðlungslið en nú

erum við með eitt sterkt lið. Ég vona að sameiningin standi til framtíðar.

Áður var alltaf rígur milli liðanna en það vottar ekki fyrir honum núna. Hvorki hjá strákunum né stuðningsmönnum. Allir eru saman í þessu og við fáum mikinn stuðning frá báðum bæjarfélögum og einnig nágrenna-sveitarfélögum. Meira er fylgst með boltanum þegar vel gengur sem er alveg skiljanlegt. Eins og sumarið 2008 þegar við áttum möguleika á að komast upp um deild var maður stoppaður út á götu til að ræða boltann. Við spiluðum tvo leiki í undanúrslitum, unnum fyrri leikinn sem fór fram út í Vík 4-2 en sá seinni fór fram í Vesturbænum í Reykjavík. Á vellinum voru að mig minnir um 400 áhorfendur og um 350 þeirra voru stuðningsmenn okkar. Það er svolítið merkilegt að eiga svona mikinn

stuðning utan heimavallar en brottfluttur Vestfirðingar hafa alltaf verið duglegir að sækja útileikina okkar. Ég held að það séu mjög fá lið í deildinni sem fá jafnmikinn stuðning í útileikjum.“

### Skorinn upp við sortuæxli rétt fyrir jól

– Óttar greindist nýlega með sortuæxli en hann var óafvitandi með það í baráttunni í boltanum í sumar.

„Ég tók eftir ljótum fæðingarbletti á ökklanum síðasta vetur sem ég hafði ekki tekið eftir áður. Ég vildi láta taka hann en ákvað að biða með það þar til eftir tímabilið. Ég lét svo verða af því að láta fjarlægja hann í nóvember. Ég var svo nýkominn úr síðasta prófinu þegar lækurinn hefur samband. Ég hélt að hann væri bara að láta mig vita að ég ætti að

# Fylltar kjúklingabringur og uppáhalds humarrétturinn

Sælkeri vikunnar býður upp á tvær uppskriftir; Fylltar kjúklingabringur með hrísgrjónum og uppáhalds humarrétturinn fjölskyldunnar. Einnig lætur hún fljóta með uppskrift að sósu með humrinum.

## Fylltar kjúklingabringur með hrísgrjónum

6 stórar kjúklingabringur með skinni  
1 bolli soðin hrísgrjón  
½ tsk salt  
2 msk sýrður rjómi  
¼ tsk pipar  
2 msk ólífuolía  
1 bolli ferskt basilikum  
1 msk sterk sósa (tabasco)  
2 hvítlaugsgeirar saxaðir  
½ bolli valhnetur  
1 msk bráðið smjör  
¾ bolli rifinn parmesan ostur

Losið skinnið frá bringunum til að mynda vasa fyrir fyllinguna. Kryddið með salti og pipar. Blandið saman í matarvinnsluvél basilikum, hvítlaug og valhnetur. Blandið saman í stórra skál parmesan osti, hrísgrjónum, sýrðum rjóma, ólífuolíu, sterkri sósu og

tannstönglum.

## Uppáhalds humarrétturinn okkar

Ca 800 g stórir humarhalar  
50-75 g smjör  
2-4 hvítlaugsgeirar( bara eftir því hversu hrifinn þú ert af



Sælkeri vikunnar er Rebekka Rún Rúnarsdóttir í Hnífsdal.

steikjast í smá stund. Hvítlaugs-smjörinu hellt yfir humarinn og steinseljunni ( smátt skorinn) dreift vel yfir. Að lokum er brauðraspi skellt yfir allt.

Best er að forhita ofninn vel og skella svo humrinum undir grillið( 200 °c) í svona 3- 4 mín.

## Sósa með humrinum

1 askja hreinn rjómaostur  
2 öskjur rjómaostur með kryddblöndu  
Matreiðslurjómí ca 2 dl.

1 hvítlaugsrif  
Osturinn bræddur í rjómanum og hvítlaugsrifíð látið malla heilt með. Eftir að sósan er búinn að þykjast aðeins þá er hvítlaugsrifíð veitt upp úr. Gott er að setja um 1 msk af saxaðri steinselju út í sósunu.

Borið fram með góðu snittu-brauði og fersku salati.

Ég skora á Gíslínu Gísladóttir að koma með uppskriftir í næstu viku.

## Sælkerinn

basilkum blöndunni. Setjið u.þ.b. 1/3 bolla af blöndunni undir skinnið á hverri bringu.\*

Raðið í eldfast mót, penslið með bræddu smjörinu og steikið í 165°heitum ofni í u.þ.b. klukkutíma eða þangað til bringurnar eru tilbúnar (fer eftir stærð).

\*Ef skinnið losnar, pressið það yfir fyllinguna og festið með

hvítlauk)  
½-1 búnt steinselja.  
Brauðrasp

Humarinn klipptur eftir endilöngu og görnin hreinsuð, humarinn dreginn upp úr og látinn hvíla í skelinni.

Smjórið brætt og hvítlaukurinn smátt skorinn látinn úti og

koma og láta taka saumana en þá sagði hann mér að ég væri með sortuæxli. Ég fór í aðgerð nokkrum dögum seinna en það þarf alltaf að skera burt visst mikið í kring þar sem æxlið var, til að ganga úr skugga um að það hafi ekki breitt úr sér. Ég var á sjúkrahúsi í viku eftir aðgerðina og fékk að fara út á Þorláksmessu. Svo hef ég verið nánast bundinn við sófann og er rétt farinn að geta komist ferða minna núna.“

– Var það ekki mikið áfall að heyra sjúkdómsgreininguna?

„Jú ég hélt fyrst að lækurinn væri að grínast. En áttaði mig svo á því að það væri frekar sjúkt grín. Maður býst ekki við því að slíkt komi fyrir mann, sérstaklega ekki á þessum aldri. Ég ákvað að láta taka blettinn því hann var ljótur og ef eitthvað kæmi í hann seinna meir. Maður hugsar alltaf; þetta kemur ekki fyrir mig.“

Ég hef verið spurður að því hvort ég fari mikið í ljós en það var ekki raunin. Ekkert meira en jafnaldrar mínir og félagar. Maður þarf því ekkert að liggja í ljósabekknun til þess að eitthvað geti gerst. Nú hef ég bara það val hvort ég vilji vera hvítur eða gulur afbrúnkukremum,“ segir Óttar kíminn. „Annars skiptir hégóm-inn engu eftir að maður hefur lent í svona.“

En ég fékk þau gleðitíðindi áður en ég fór af spítalanum að ég er alveg laus við meinið. Sortuæxli eru langan tíma að dreifa sér og það hafði ekki náð að dreifa sér sem betur fer. Það var því besta jólagjöfin sem ég gat fengið að vita að þetta yrði allt í lagi.

– Varstu ekkert hræddur um að þetta yrði mun alvarlegra?

„Ég kom mér nú eiginlega á

óvart. Ég vissi að ég væri andlega sterkur en þarna kom það í ljós. Ég dróst aldrei neitt niður, jafnvel þótt ég væri inni á sjúkrahúsi í heila viku rétt fyrir jól. Ég var alltaf léttur og tók þessu með ró. Ég fékk mikinn stuðning frá vinum og fjölskyldu sem voru dugleg að kíkja á mig. Það er gott að eiga góða að.“

## Kviðinn fyrir nektarmyndatöku

– Óttar er einn þeirra sem myndaður var fyrir hið rómaða dagatal BÍ/Bolungarvíkur þar sem liðsfélagarnir voru myndaðir naktir í fjáröflunarskyni.

„Við vorum búnir að ræða þetta en maður gerði sér enga grein fyrir að þetta yrði svona flott. Ekki með þekktum ljósmyndara og öllum græjum. Maður var nú frekar stressaður. Það var skítkalt þar sem myndirnar voru teknar og gólfíð blautt enda áttu aðstæðurnar að vera alveg hráar. Maður var kviðinn fyrst en svo þegar myndatakan sjálf var byrjuð þá var þetta virkilega gaman og maður var ánægður að hafa látið vaða. Þetta er skemmtilegasta fjáröflun sem ég hef tekið þátt í.“

Athyglin sem við höfum fengið fyrir þetta er alveg ótrúleg. Við höfum fengið fyrirspurnir alls staðar frá enda eru þetta ótrúlega flottar myndir. Hann Spessi er alveg frábær ljósmyndari. Við gengum í hús til að selja dagatölin og fengum mjög góðar viðtökur fyrir utan eitt tvö hús þar sem fólk vildi ekki sjá þetta. Langflestir hafa tekið mjög vel í þetta framtak. Nokkrir liðsfélagar gátu ekki komist þar sem þeir voru í prófum og svoleiðis og þeir



dauðsjá eftir því núna að hafa ekki getað tekið þátt. Við vorum bara tíu sem voru myndaðir og

það hefði verið skemmtilegra að vera tólf. En þetta virkar alveg svona, svínvirkar,“ segir Óttar

Kristinn Bjarnason, leikmaður ársins með glott á vör.

– thelma@bb.is



## CABIN HOTEL



### ÓDÝR OG ÞÆGILEG GISTING Í HJARTA BORGARINNAR

Hvort sem þú þarft athvarf yfir nóttina eða ætlar þér að dvelja lengur á þér eftir að líða vel á Hótel Cabin.

Salatbarinn okkar vinsæli er opinn alla daga frá klukkan 11.30 til 21.00.

MEIRI ÞÆGINDI FYRIR LÆGRA VERÐ.

#### TILBOÐ TIL 1. MARS:

VERÐ Á MANN Í TVÍBÝLI **3.500 KR.**

VERÐ Á MANN Í EINBÝLI **6.500 KR.**

[WWW.HOTELCABIN.IS](http://WWW.HOTELCABIN.IS) // [BOOKING@HOTELCABIN.IS](mailto:BOOKING@HOTELCABIN.IS) // TEL: +354 511 6030

